# Ennýall.

—o—

Það þarf ekki langt mál til að sýna fram á vegna hvers flest það fólk, sem vel er viti borið — og af slíku fólki er hér margt, sem betur fer —, muni vilja lesa þessa nýju bók. Höfundurinn er fyrsti maðurinn á þessari jörð, sem veit hvernig lífið er eftir auðann, veit það sem náttúrufræðingur. Aðalefni bókarinnar er að sýna fram á, hversu greinilega kemur í ljós, þegar nógu gætilega er rannsakað, að eftir líkamsdauðann hér á jörðu lifir maðurinn áfram, nýu líkamlegu lífi, á annari jörð.

Bókin er ódýr, hvort sem er miðað við fyrirhöfn höfundar eða það gagn, sem af henni má hafa. Þó fer verðið að þessu sinni meir eftir nauðsyn útgefanda, sem er hinn sami og höfundurinn, heldur en peningaráðum sumra, sem bókina munu vilja eignast. Ef til vill bætir það úr þessu að nokkru leyti, að bókin kemur út um jólaleytið.

23. desember. 1929

H. P,